

9. nóvember 2022


Umsögn frá Umhyggju – félagi langveikra barna

Tillaga til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga, 210. mál.

Umhyggja – félag langveikra barna fagnar tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. Sjúklingar, hvort heldur sem um ræðir fullorðna eða börn, eru í eðli sínu viðkvæmur hópur og getur þeim reynst þungbært og í sumum tilvikum óyfirstíganlegt að þurfa að verja sína hagsmuni eins síns liðs gagnvart heilbrigðiskerfinu telji þeir á sér brotið eða að vegið sé að réttindum þeirra. Að hafa hlutlausan aðila að leita til sem getur veitt leiðsögn, gætt hagsmuna þeirra og stigið inn í hlutverk talsmanns getur skipt sköpum í slíkum málum og létt á óþarfa álagi á sjúklinga.

Stjórn Umhyggju vonar að málið fái greiðan og góðan framgang og er tilbúin til samráðs á öllum stigum málsins.

Fyrir hönd stjórnar Umhyggju



Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri